

fleiri en ein heimtaug að sama húsi, greiði húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugargjald samkv. reikningi, greiði aðeins $\frac{1}{2}$ gjald, ef loftlinu er breytt í jarðstreng. En hús, sem ekki hafa greitt heimtaugargjald, greiði það þegar þau hafa fengið heimtaug sína endurbyggða.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga, þegar uppsetningu taugar er lokið og áður en straum er hleypt á heimtaugina.

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 250.00
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 250.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

V. SÖLUSKATTUR

11% söluskattur er innifalinn í öllum framangreindum verðum svo og 2% gjald til Viðlagasjóðs, nema gjaldalið 4, sem er sala raforku til upphitarar.

VI. BREYTINGAR

1. Gjöld samkvæmt 4. lið gjaldskrárinnar breytast með útsöluverði á dieselolíu á Siglufirði, þannig að þau teljist jafngilda útsöluverði á olíu 1. marz 1973, þ. e. kr. 4.70 pr. lítra en hækki eða lækki um 10% fyrir hver full 10%, sem olíuverð hækkar eða lækkar.
2. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka öll gjöld, sem ákveðin eru í þessari gjaldskrá um allt að 20%, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda verði hækkunin auglýst áður en hún gengur í gildi.
Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Siglufjarðar nr. 86 10. apríl 1972.

Iðnaðarráðuneytið, 9. apríl 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

1. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af benzini (benzín gjald), og skal gjaldið nema kr. 9.87 af hverjum lítra.

2. gr.

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af hjólbörðum, notuðum og nýjum og gúmmíslöngum á bifreiðar og bifhjól (gúmmí gjald), og skal gjaldið nema kr. 45.00

af hverju kg. Gjald þetta tekur einnig til hjólbarða og gúmmislangna, sem fylgja bifreiðum, er fluttar eru til landsins.

3. gr.

Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum og bifhjólum, sem hér segir:

- a. Af bifreiðum, sem nota benzín að eldsneyti, kr. 108.00 af hverjum fullum 100 kg af eigin þyngd þeirra.
- b. Af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru minna en 5 tonn að eigin þyngd:

Þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
0—2 099	27 500
2 100—2 199	28 450
2 200—2 299	29 400
2 300—2 399	30 350
2 400—2 499	31 300
2 500—2 599	32 250
2 600—2 699	33 200
2 700—2 799	34 150
2 800—2 899	35 100
2 900—2 999	36 050
3 000—3 099	37 000
3 100—3 199	37 950
3 200—3 299	38 900
3 300—3 399	39 850
3 400—3 499	40 800
3 500—3 599	41 750
3 600—3 699	42 700
3 700—3 799	43 650
3 800—3 899	44 600
3 900—3 999	45 550
4 000—4 099	46 500
4 100—4 199	47 450
4 200—4 299	48 400
4 300—4 399	49 350
4 400—4 499	50 300
4 500—4 599	51 250
4 600—4 699	52 200
4 700—4 799	53 150
4 800—4 899	54 100
4 900—4 999	55 050

- c. Þungaskattur af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín og eru 5 tonn eða meira að eigin þyngd, skal innheimtur eftir fjölda ekinna kílómetra skv. ökumæli og í samræmi við gjaldskrá, er samgönguráðuneytið gefur út.

- d. Af bifhjólum kr. 450.00.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.

Eigin þyngd bifreiðar ákvarðast skv. skilgreiningu í 2. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Sé vélskóflu, vélkrana eða því um líkum vinnutækjum, sem ganga fyrir eigin aflvél, fest á bifreið, skal ekki telja þyngd slíkra véla með við útreikning þunga-skatts af bifreiðinni.

4. gr.

Bifreiðar erlendra sendisveita eru undanþegnar gjaldi skv. 3. gr., svo og bifreiðar erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenzkir ríkisborgarar.

Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu skatts skv. a. eða b. liðum 3. gr. vegna ársins 1972, en eftir það á helmingi skatts með eftirtöldum skilyrðum.

a. Bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu- og jarðyrkjustörf.

b. Þeir sanni með vottorði skattstjóra eða umboðsmanns hans, að eigandi bifreiðarinnar hafi haft meiri hluta atvinnutekna sinna næstliðið ár, að frádregnum kostnaði við öflun þeirra, af búrekstri.

Kröfur um endurgreiðslur þessar skulu bornar fram fyrir 1. okt. næsta skattár, ella fellur endurgreiðsluréttur niður.

5. gr.

Gjalddagi skatts þess, sem um ræðir í a., b. og d. lið 3. gr. er 1. janúar árlega en eindagi 1. apríl, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvert ár þar, sem bifreið er skráð í ársbyrjun. Skattskyldan telst frá afhendingu skráningarmerkis, ef um nýskráða bifreið er að ræða, ella frá 1. janúar það ár, sem skattur er greiddur. Skatturinn telst fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður, en færri dögum skal sleppt.

Skattinn skal sá greiða, sem er skráður eigandi á gjalddaga eða síðast var það, ef bifreið er ónýt. Hafi bifreið skipt um eiganda (nothafa), án þess að það hafi verið tilkynnt til skráningar, hvílir greiðsluskyldan jafnframt á hinum nýja eiganda (nothafa).

Þungaskattur skv. c. lið 3. gr. skal innheimtur ársfjórðungslega eftir á og er gjalddagi skattsins 11. janúar, 11. apríl, 11. júlí og 11. október, en eindagi 21. dagur sömu mánaða, og skal skatturinn innheimtast fyrir hvern ársfjórðung þar sem bifreið er skrásett, er álestur fer fram.

Í lok hvers ársfjórðungs, þ. e. á síðustu 10 dögum ársfjórðungs eða fyrstu 10 dögum næsta ársfjórðungs, skal eigandi eða umráðamaður bifreiðar, án sérstakrar tilkynningar, koma með bifreið sína til eftirlitsmanna fjármálaráðuneytisins (t. d. bifreiðaeftirlitsmanns, lögreglumanns eða hreppstjóra) og láta lesa á og skrá stöðu ökumælis.

Um nánari tilhögun á innheimtu þungaskatts skv. ökumælum og álestri ökumæla vísast til reglugerðar nr. 74 30. apríl 1970.

Lækka skal eða endurgreiða skatt skv. a. og d. lið 3. gr. að rétttri tiltölu, ef skattskyld bifreið hefur ónýtt eða skráningarmerki bifreiðar er afhent lögreglustjóra í skráningarumdæmi hennar til geymslu um tíma, þó aldrei skemur en 3 mánuði samfellt á árinu. Við útreikning á frádrætti skattsins skal miðað við heila mánuði, þannig, að meira en hálfur mánuður skal reiknast sem heill mánuður, en hálfum mánuði eða minna skal sleppt. Ef um dísilbifreið er að ræða, skv. b. lið 3. gr. nægir að skráningarmerki sé til geymslu hjá lögreglustjóra 30 daga samfellt.

6. gr.

Kröfur um endurgreiðslu skv. 6. mgr. 5. gr. skulu bornar fram fyrir 1. október næsta skattár, ella fellur endurgreiðsluréttur niður. Eigi skal endurgreiða af bifreiðskatt, sem greiddur hefur verið af henni út árið, þótt skipt sé um eiganda að henni eða hún flutt í annað skráningarumdæmi, heldur skal greiðslan gilda fyrir þá bifreið allt árið, hver sem eigandi hennar er, eða hvert sem hún er flutt á landinu.

7. gr.

Viðurlög, ef gjöld skv. a., b. og d. lið 3. gr. eru ekki greidd:

Við aðalskoðun bifreiðar ár hvert skal eigandi hennar eða umráðamaður færa

sönnur á, að greiddur hafi verið af henni gjaldfallinn þungaskattur svo og skoðunargjald og váttryggingariðgjald ökumanns. Að öðrum kosti skal skoðunarmaður neita um skoðun á bifreiðinni, taka af henni skráningarmarki og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur, fyrir en færðar hafa verið sönnur á greiðslu fyrrnefndra gjalda.

Skráning og/eða umskráning bifreiðar skal ekki fara fram, nema framangreind gjöld hafi áður verið greidd af bifreiðinni til næstu áramóta.

Sé ekki komið með bifreið til skoðunar á tilskildum tíma og gjöld af henni ekki greidd á réttum gjaldþega, skal lögreglustjóri, eftir kröfu skattheimtumanns eða skoðunarmanns, stöðva bifreiðina hvar sem hún hittist og taka merki hennar til geymslu, svo sem að framan segir.

Þungaskattur, skoðunargjald af bifreiðum og váttryggingariðgjald ökumanns hafa lögtaksrétt, og skal bifreiðin vera að veði fyrir gjöldum þessum, og skal það veð ganga fyrir öðrum veðum.

8. gr.

Ákvæði 5., 6. og 7. gr. gilda á sama hátt um bifhjól eftir því sem við á.

9. gr.

Viðurlög skv. c-lið 3. gr.:

Komi í ljós við eftirlit, að ökumælir sé eigi innsiglaður svo sem fyrir er mælt, svo og ef ökutæki hefur verið í notkun án þess að mælir þess hafi verið virkur, greiðir eigandi og/eða umráðamaður bifreiðarinnar skatt, sem svarar 5 000 km akstri á mánuði og innheimtist hann eins og um venjulegan álestur væri að ræða. Við ítrekað brot skal skatturinn innheimtur af sem svarar 15 000 km akstri á mánuði.

Ef í ljós kemur við skoðun bifreiðar eða við álestur ökumælis, að ökumælir eða ökumælisbúnaður er ekki virkur eða að mælir telur rangt og ætla má, að eigandi og/eða umráðamaður bifreiðar hafi verið grandlaus, getur viðkomandi innheimtumaður ríkissjóðs ákvarðað skattinn skv. því sem telja má sennilegan akstur að viðbættu 10% álagi.

Misnotkun ökumælis eða ítrekuð vanræksla skv. framansögðu, varðar sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri refsing liggja við skv. öðrum lögum.

Nú vanrækir eigandi að láta setja ökumæli í bifreið á tilskildum tíma, og hann nýtur eigi til þess sérstakrar undanþágu frá Bifreiðaeftirliti ríkisins, þá skal lögreglustjóri eftir kröfu viðkomandi innheimtumans ríkissjóðs, stöðva bifreiðina hvar sem til hennar næst og taka skráningarmarki hennar til geymslu, unz tryggt sé, að með bifreiðina verði farið þegar í stað til ísetningar ökumælis.

10. gr.

Heimilt er að veita sérstaka undanþágu frá því, að komið sé með bifreið, sem greiða skal af þungaskatt skv. c-lið 3. gr., til álesturs ársfjórðungslega, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, svo sem ófærð eða veikindi, enda hafi beiðni þar að lútandi borizt viðkomandi innheimtumanni með hæfilegum fyrirvara. Sé ekki komið með bifreið til álesturs á tilskildum tíma, er innheimtumanni heimilt að ákvarða skatt af bifreiðinni í stað kílómetragjalds. Skal skatturinn ákvarðaður þannig, að hann nemi 250 000 kr. á ári þar til álestur hefur farið fram. Skal skatturinn reiknast hlutfallslega fyrir heila mánuði, þannig að 15 dagar eða fleiri teljast heill mánuður, en færri dögum skal sleppt. Við uppgjör skatts samkvæmt álestri, skal færa áætlaðan skatt til samræmis við skatt samkvæmt álestri.

Hafi gjald af bifreiðinni eigi verið greitt á réttum gjaldþega, skal lögreglustjóri, eftir kröfu viðkomandi innheimtumans ríkissjóðs, stöðva bifreiðina og taka skráningarmarki hennar til geymslu, unz gjöldin hafa verið greidd. Sama gildir ef eig-

andi og/eða umráðamaður bifreiðar vanrækir itrekað að koma með bifreið til álesturs.

11. gr.

Við álagningu skatts skv. c. lið 3. gr., skal reikna skattinn í heilum krónum.

12. gr.

Bifreið, sem í bifreiðaskrá er talin nota annað eldsneyti en benzín, skal talin vera slík, hvað skatt áhrærir, þangað til eigandi eða umráðamaður sannar fyrir lög-reglustjóra (bifreiðaeftirliti), að hún noti þar eftir benzín fyrir eldsneyti.

Eigandi eða umráðamaður bifreiðar, sem ætlar að setja í bifreið sína hreyfil, er notar annað eldsneyti en benzín, skal tilkynna lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti) breytinguna jafnskjótt og hún kemur til framkvæmda.

Nú kemur í ljós, að bifreið notar annað eldsneyti en benzín, en hún hefur ekki verið skráð sem slík, og skal þá hvað skattinn snertir telja, að hún hafi verið þannig frá síðustu aðalskoðun, nema eigandi eða umráðamaður sanni, að svo hafi ekki verið.

13. gr.

Innheimtu framanritaðra gjalda annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því sem fjármálaráðuneytið skipar fyrir. Benzíngjald og gúmmígjald skal innheimt með aðflutningsgjöldum og njóta sömu lögverndar og þau.

Heimilt er að veita innflytjendum gjaldfrest á greiðslu innflutningsgjalds af benzíni. Skal fresturinn miðast við sölu af birgðum og aldrei vera lengri en svo, að gjaldið sé greitt áður en tveir mánuðir eru liðnir frá lokum sölumánaðar.

Innflytjandi skal telja fram sölu á birgðum í hverjum mánuði eigi síðar en viku áður en gjaldfresti lýkur. Fresturinn skal því skilyrði bundinn, að sé gjaldið ekki innt af hendi á nákvæmlega réttum tíma, getur innheimtumaður látið lögregluna stöðva atvinnurekstur viðkomandi, þar til full skil eru gerð, með því m. a. að setja skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli.

14. gr.

Heimilt er að endurgreiða innflutningsgjald af benzíni, ef sönnur eru færðar á, að það hafi ekki verið notað eða verði ekki notað til bifreiða. Um endurgreiðsluna gilda ákvæði reglugerðar nr. 218 15. júlí 1968.

15. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00, nema þyngri hegning liggji við að lögum.

Með brot gegn reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. heimild í vegalögum nr. 23 16. apríl 1970, sbr. lög nr. 99 28. desember 1972, um breyting á þeim lögum, öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 94 21. maí 1970 um innheimtu bifreiðagjalda o. fl.

Fjármálaráðuneytið, 12. apríl 1973.

Halldór E. Sigurðsson.

Höskuldur Jónsson.